

Ed.

710. Frumvarp til laga

[8. mál]

um almennar náttúrurannsóknir og Náttúrufræðistofnun Íslands.

(Eftir eina umr. í Nd., 8. maí.)

I. KAFLI

Almennar náttúrurannsóknir.

1. gr.

Með almennum náttúrurannsóknum er í lögum þessum átt við undirstöðurannsóknir í dýrafræði, grasafraði, jarðfræði og landfræði, sem ekki eru unnar beinlínis í þágu atvinnuveganna. Menntamálaráðherra hefur yfirumsjón allra slíkra rannsókna.

2. gr.

Náttúrufræðingum, sem stunda almennar náttúrurannsóknir eða söfnun náttúrugripa á vegum hins opinbera, skal frjáls för um lönd manna, en forðast skulu þeir óþarfa átroðning og skylt er þeim að greiða fullar bætur fyrir tjón, er þeir kunna að valda.

Sömu aðilum er og heimilt að safna náttúrugripum hvar sem er, án þess að endurgjald komi fyrir. Þetta gildir þó ekki, ef um er að ræða náttúrugripi, sem fémætir eru fyrir landeiganda eða aðra réttihafa lands.

Nú leiðir rannsókn í ljós verðmæti, sem áður voru ókunn, og ber þá rannsakanda að tilkynna það réttihafa þess lands, þar sem verðmætin eru.

3. gr.

Íslenskir ríkisborgarar skulu hafa forgangsrétt til almennra rannsókna á náttúru Íslands.

Ráðherra getur, að fengnum tillögum Náttúrufræðistofnunar Íslands, veitt erlendum náttúrufræðingum heimild til að stunda almennar náttúrurannsóknir hér á landi um tiltekinn tíma, enda hafi þeir samráð við stofnunina og láti henni í té skýrslur um rannsóknir sínar, allt samkvæmt nánari fyrirmælum í reglugerð.

II. KAFLI

Náttúrufræðistofnun Íslands.

A. Hlutverk.

4. gr.

Aðalverkefni stofnunarinnar eru þessi:

- a. Að vera miðstöð almennra vísindalegra rannsókna á náttúru Íslands, vinna að slíkum rannsóknum, samræma þær og efla.
- b. Að koma upp sem fullkomnustu vísindalegu safni íslenskra og erlendra náttúrugripa og varðveita það.
- c. Að koma upp sýningarsafni, er veiti sem gleggst yfirlit um náttúru Íslands og sé opið almenningi.
- d. Að hafa eftirlit með almennum rannsóknum erlendra náttúrufræðinga hér á landi og gæta íslenskra hagsmuna í sambandi við þær.
- e. Að greina frá meginþáttum í starfsemi stofnunarinnar í árlegri skýrslu og frá niðurstöðum rannsókna í fræðslu- og vísindaritum.

5. gr.

Stofnunin skal annast fuglamerkingar, og hefur hún ein heimild til að láta merkja villta fugla á Íslandi.

B. Stjórn og skipulag.

6. gr.

Í Náttúrufræðistofnun Íslands skulu vera þrjár deildir, dýrafræðideild, grasafræðideild og jarðfræði- og landfræðideild.

7. gr.

Menntamálaráðherra fer með yfirstjórn stofnunarinnar og skipar að fengnum tillögum forstöðumanns deildarstjóra, sérfræðinga og annað starfslið hennar. Deildarstjórar skulu vera jafnmargir deildum stofnunarinnar og skulu þeir vera sérfræðingar í einhverri þeirra aðalgreina, sem falla undir viðkomandi deild. Ráðherra skipar einn deildarstjóranna forstöðumann stofnunarinnar til þriggja ára í senn og ákveður tölu sérfræðinga og annarra starfsmanna eftir því sem þörf krefur og fé er veitt til í fjárlögum.

Deildarstjórar og sérfræðingar skulu hafa lokið doktorsprófi, meistaraþrófi eða öðrum hliðstæðum háskólaprófum í fræðigreinum sínum.

8. gr.

Forstöðumaður fer með stjórn sameiginlegra málefna stofnunarinnar, en deildarstjórar stjórna og bera ábyrgð á daglegum störfum og rekstri deilda sinna.

Deildarstjórar koma fram gagnvart innlendum og erlendum aðilum sem fulltrúar deilda sinna, en forstöðumaður er auk þess í fyrirsvari fyrir stofnunina í heild.

C. Fjármál.

9. gr.

Tekjur Náttúrufræðistofnunar Íslands eru:

- a. Fé, sem veitt er til stofnunarinnar í fjárlögum eða að öðru leyti af opinberri hálfu.
- b. Greiðslur fyrir verk, sem unnin eru fyrir einstaklinga, félög eða stofnanir.
- c. Framlög eða gjafir einstaklinga, félaga eða stofnana.
- d. Aðrar tekjur.

10. gr.

Laun starfsliðs stofnunarinnar skulu ákveðin á sama hátt og annarra starfsmanna ríkisins, sbr. lög nr. 55/1962.

D. Almenn ákvæði.

11. gr.

Náttúrufræðistofnun Íslands skal eiga aðgang að visindalegum upplýsingum, sem opinberar stofnanir geta í té látið og varða starfsemi hennar.

12. gr.

Stofnunin skal ekki veita viðtöku gripagjöfum, ef þeim fylgja kvaðir um aðra meðferð þeirra en annarra muna stofnunarinnar. Heimilt er þó að veita undanþágu frá þessu ákvæði, ef viðkomandi deildarstjóri mælir með því og forstöðumaður telur sérstaka ástæðu til.

Óheimilt er að lána sýningargripi stofnunarinnar.

13. gr.

Ráðherra getur með reglugerð sett nánari ákvæði um rekstur og starfsemi stofnunarinnar.

14. gr.

Með gildistöku laga þessara falla úr gildi eftirtalin lög og lagaákvæði:
Ákvæði I. og II. kafla laga nr. 68/1940, um náttúrurannsóknir, þau er lúta að
almennum náttúrurannsóknum og afskiptum Rannsóknaráðs ríkisins af þeim.
Lög nr. 17/1951, um Náttúrugripasafn Íslands.
Önnur ákvæði eldri laga, sem ekki fá samrýmzt ákvæðum laga þessara.

15. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.